



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1689

komudagur 14.3.2011



Félag skipstjórnarmanna

Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími 520 1280 • Bréfasími 520 1289 • Netfang: skipstjorn@skipstjorn.is
Vefsíða: www.skipstjorn.is • Skipagötu 14 • 600 Akureyri • Sími 520 1290 • Bréfasími 462 5251

Nefndasvið Alþingis

Samgöngunefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa

(skipstjóraréttindi innanlands) 278.mál.

Í 4.gr. laga nr. 30/2007 er kveðið á um að menntun og þjálfun áhafna skipa annist skólar sem uppfylla kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Til að uppfylla kröfur viðkomandi samþykktar þurfa viðkomandi skólar að standast ákveðnar kröfur IMO (Alþjóða Siglingamálastofnunar). Með því að uppfylla þær kemst viðkomandi skóli á svonefndan hvítlista. Það tók langan tíma og mikla fyrirhöfn að koma okkar Stýrimannaskóla inn á þennan lista. Í lögum 30/2007 er ekkert sem mælir gegn því að hluti náms sé stundaður í einstökum byggðarlögum utan höfuðborgarinnar, enda sé slíkt nám skipulagt og framkvæmt undir eftirliti og í samvinnu við þann skóla sem uppfyllir skilyrði alþjóðasamþykktarinnar. Þess konar fyrirkomulag hefur a.m.k. einu sinni verið notað og til stóð að endurtaka það en ekki fengust nægjanlega margir nemendur.


Með tilliti til ofanritaðs er það skoðun Félags skipstjórnarmanna og Farmanna-og fiskimannasambands Íslands að frumvarpið sé með öllu óþarft.

Rétt er að benda á að sú fullyrðing sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins um að þorri íslenskra skipstjóra hafi hlotið skipstjórnarréttindi sín við álíka námsfyrirkomulag og frumvarpið stefnir að er fullkomlega röng og með ólíkindum að 20 alþingismenn séu tilbúnir að leggja nafn sitt við slík ósannindi og lýsir vonandi ekki hugarþeli sömu manna til íslenskra skipstjórnarmanna.

Reykjavík 11.mars 2011.

Virðingarfyllt

F.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Félags skipstjórnarmanna



Árni Bjarnason



Guðjón Ármann Einarsson

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. mars 2011

1103002HA MKH/
Málalykill: 613


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 278. mál

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innan lands), þskj. 321 – 278. mál.

Stjórn hafnasambandsins gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason formaður

Alþingi
Erindi nr. P 139/1711
komudagur 14.3.2011

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD




Alþingi
Nefndasvið – Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/016/9,6/DS/sig
Reykjavík 14. mars 2011.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 278. mál.

Landhelgisgæslan telur jákvætt ef menn geta stundað skipstjórnarnám úti á landsbyggðinni og að aðgengi reynslumikilla manna verði auðveldað. Það er e.t.v. nauðsynlegt að endurskoða námið með það í huga að auka aðsókn. Landhelgisgæslan telur þó mikilvægt að Íslendingar standi ekki að baki nágrannaþjóðunum hvað varðar kröfur um gæði skipstjórnarnáms og að alþjóðlegar kröfur séu uppfylltar þegar það á við.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,


Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.



Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
ICELAND



lhg@lhg.is
www.lhg.is



354-5452000



354-5452001

Alþingi
Erindi nr. P 139/1703
komudagur 15.3.2011



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfastími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is · menntamálaráðuneyti.is

Samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2011
Tilv.: MMR11020351/0.4.0-

Efni: Umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innanlands), 278. mál.

Vísað er til beiðni yðar dags. 21.02. 2011 um umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innanlands), 278. mál. Með frumvarpinu er ætlunin að gera starfandi sjómönnum það auðveldara að afla sér skipstjórnarréttinda á afmörkuðu sviði hér á landi. Segir m.a. að skólar á Ísafirði, Dalvík, Hornafirði, í Vestmannaeyjum og Reykjavík skuli annast menntun og þjálfun skipstjóra til ótakmarkaðra réttinda á önnur íslensk skip en farþega- og flutningaskip.

Í 4. gr. núgildandi laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa segir m.a. að um inntökuskilyrði í skóla sem annist menntun og þjálfun áhafna skipa, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig fari eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Ennfremur segir að nám og kennsla í þeim skólum skuli vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi. Þá segir að starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, geri tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um námskrár skólanna að fenginni umsögn Siglingastofnunar.

Frumvarp það er hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að tilgreindir verði þeir skólar sem **skuli** bjóða upp á það nám er hér um ræðir. Einnig felur frumvarpið í sér tillögu um umtalsverða styttingu námsins frá því sem núgildandi námskrá frá 2009 kveður á um.

Framhaldsskólar starfa á grundvelli sérstakra samninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, þar sem m.a. kemur fram hvaða námsbrautir skuli starfræktar í viðkomandi skóla. Eðlilegt virðist að halda því fyrirkomulagi, enda ekki víst að unnt sé að halda úti námsbrautum á fámennum svæðum þar sem lítil aðsókn er í námið og framlög hins opinbera til rekstrar skóla standa ekki undir kostnaði. Ekki virðist heldur skynsamlegt að skylda skóla til þess að bjóða upp á tiltekið nám þar sem gilda alþjóðlegir staðlar og gæðareglur ef skólanum er ómögulegt að uppfylla settar gæðakröfur. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir alvarlegan fyrirvara við þá styttingu skipstjórnarnáms sem felst í frumvarpinu.

Loks skal vakin athygli á því að enginn framhaldsskóli er starfræktur á Dalvík og ákvæði um sérstök inntökupróf á námsbrautir framhaldsskóla samrýmast ekki lögum um framhaldsskóla.

Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins gengur frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innanlands), 278. mál, gegn þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir og varða viðurkenningu starfsréttinda áhafna á íslenskum skipum.

Fyrir hönd ráðherra



Arnór Guðmundsson



Ólafur Grétar Kristjánsson



Alþingi
Erindi nr. P 139/1722
komudagur 15.3.2011

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 14.03.2011
Tilv. 021
HJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Siglingastofnun vísar til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags 21. febrúar þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um mál 278.

1. Útdráttur.

Alþjóðasamþykktin um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á farþega- og flutningaskipum, svonefnd STCW-samþykkt, sem Ísland er aðili að, mælir fyrir um kröfur um þá menntun, reynslu og færni sem áskilin er til þess að mega annast skipstjórn og vélstjórn farþegaskipum og flutningaskipum hvort heldur á alþjóðlegum siglingaleiðum eða skipum í innanlandssiglingum. Fiskiskip, skip notuð í hernaði eða til eftirlitsstarfa af hálfu ríkisvalds, skemmtibátar og skip af fornri gerð eru undanþegin ákvæðum STCW-samþykktarinnar.

Ísland hefur staðfest aðild að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum, svonefnda STCW-F samþykkt. Sú alþjóðasamþykkt hefur enn ekki tekið gildi alþjóðlega. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þess að fara að ákvæðum hennar og gefa út skírteini í samræmi við ákvæði samþykktarinnar. Þessi alþjóðasamþykkt gildir um þá sem gegna stöðu skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á fiskiskipum sem eru 24 metrar að skráningarlengd eða lengri.

Þegar endurskoða skal nám til skipstjórnar ber að sjá til þess að öllum viðeigandi skuldbindingum alþjóðasamninga sé fullnægt. Námskrá skipstjórnarnáms, sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2009, tilgreinir þá menntun og þjálfun sem áskilin er til þess að fá útgefið atvinnuskírteini til skipstjórnar. Við gerð þeirrar námskrár var sérstaklega hugað að eftirfarandi þáttum:

1. Að skipan náms og námsbrauta tæki mið af því að þeir sem ljúka námi á tiltekinni námsbraut fullnægi þeim skilyrðum sem alþjóðasamþykktir mæla fyrir um að skuli fullnægt til þess að fá útgefið viðeigandi íslenskt réttindaskírteini og eftir atvikum viðeigandi alþjóðlegt skírteini. Þannig var við gerð námskrárinnar leitast við að tvíanna saman náms- og þjálfunarkröfur STCW-samþykktarinnar og STCW-F samþykktarinnar til þess að mynda eina heild.
2. Á þeim tíma var talið að ein ástæða þess að stöðugt færri og færri nemendur skráðu sig í skipstjórnarnám væri að nám til skipstjórnar hefði fram að þeim tíma verið

svonefnd "blindgata", þ.e. gæfi ekki kost á áframhaldandi námi. Með hliðsjón af þeim breytingum sem þá voru í undirbúningi á námi til stúdentsprófs, var lögð mikil áhersla á að möguleikar gæfust á áframhaldandi námi t.d. á háskólastigi.

Sú breyting sem tillaga er gerð um í frumvarpinu virðist ganga gegn framangreindum sjónarmiðum. Alþjóðlegar kröfur til menntunar skipstjórnarmanna gera ráð fyrir að þeir sem annast menntun þeirra hafi aðgang að fullnægjandi kennslutækjum og aðstöðu. Ef hefja á nám í skipstjórnarfræðum á landsbyggðinni er nauðsynlegt að tryggja nýjum menntastofnunum aðgang að öllum nauðsynlegum kennslutækjum svo sem samlíkjum, fjarskiptabúnaði, siglingatækjum og annarri aðstöðu til náms.

Skipstjórnarnám B veitir rétt til þess að gegna stöðu skipstjóra á skipum sem eru allt að 45 metrar að skráningarlengd. Samkvæmt núgildandi aðalnámskrá menntamálaráðuneytis er gerð krafa um að nemandi hafi lokið 79 námseiningum til að ljúka skipstjórnarnámi B. Til þess að geta lokið slíku námi á einu skólaári eða 9 mánuðum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu verður að óbreyttri námskrá að gera ráð fyrir að námsefni hversrar annar sé um 40 námseiningar, sem er tvöfaldur einingafjöldi miðað við viðmið menntamálaráðuneytisins. Jafnvel þó svo að unnt væri að fella niður áfanga á þeim forsendum að umsækjendur um það nám sem þar er lagt til hafi betri undirbúning undir námið með atvinnuþátttöku en nemendur sem koma beint úr grunnskóla, verður ekki séð að mögulegt sé að fella niður fjölda áfanga á þeim forsendum að umsækjendur um slíkt nám hafi að baki að lágmarki 24 mánaða siglingatíma. Sama gildir um skipstjórnarnám C sem veitir rétt til þess að gegna stöðu skipstjóra án takmarkana. Af þessu leiðir að Siglingastofnun á mjög erfitt með að sjá með hvaða hætti sú skipan náms sem frumvarpið gerir ráð fyrir fullnægi ákvæðum gildandi námskrár.

Við endurskipulagningu skipstjórnarnáms sem lauk með útgáfu námskrár árið 2009 var sérstaklega hugað að því að stytta nám til 24 metra réttinda þannig að mögulegt væri að ljúka námi til þeirra réttinda á einu skólaári. Telur Siglingastofnun að með þeirri breytingu hafi verið komið verulega til móts við markmið frumvarpsins.

Siglingastofnunum telur að varast beri að setja í lög þau ákvæði sem fram koma í frumvarpinu áður en fyrir liggur ítarlegri úttekt á þeim áhrifum sem breytingin gæti haft á annað skipstjórnarnám, á skuldbindingar Íslands gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum, á aðalnámskrá skipstjórnarnáms og á skírteinisútgáfu.

2. Alþjóðlegar samþykktir um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður.

Ísland gerðist aðili að alþjóðasamþykktinni um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á farþega- og flutningaskiðum, þ.e. svonefndri STCW-samþykkt árið 1994. Í því fellst að íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þess að fara að ákvæðum samþykktarinnar þegar skírteini eru gefin út til skipstjórnar á skipum í alþjóðlegum siglingum og við siglingar innanlands. Ekki er skylt að þeir sem gegna skipstjórnarstörfum á fiskiskipum, varðskipum og skemmtibátum lúti ákvæðum samþykktarinnar.

Þeir sem ljúka námi í skipstjórnarfræðum og fullnægja öðrum viðeigandi ákvæðum STCW-samþykktarinnar, geta fengið útgefin atvinnuskírteini sem eru viðurkennd alþjóðlega og veita réttindi til starfa á skipum þeirra ríkja sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni.

Til þess að heimilt sé að gefa út slík alþjóðlega viðurkennd skírteini ber stjórnvöldum að tryggja að námið fullnægi öllum skilyrðum samþykktarinnar. Við endurskoðun námskrár til skipstjórnarnáms árið 2009 var horft til þess að öllum viðeigandi ákvæðum og skilyrðum alþjóðasamþykktarinnar væri fullnægt og taki jafnframt mið af þeim viðmiðunum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gefur út.

Samkvæmt ákvæðum STCW-alþjóðasamþykktarinnar skal allt nám til alþjóðlegra réttinda lúta viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi þar sem kröfur eru m.a. gerðar til menntunar og færni kennara, kennsluáðstöðu, tækjabúnaðar og um framkvæmd námsmats.

Ísland hefur einnig gerst aðili að alþjóðasamþykktinni um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður á fiskiskipum eða STCW-F samþykktinni sem hún er kölluð í daglegu máli. Þessi samþykkt gildir um þá sem gegna stöðu skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á fiskiskipum. Samþykktin hefur enn ekki tekið gildi alþjóðlega. Hins vegar er gert ráð fyrir að nægur fjöldi aðildarríkja gerist aðili að samþykktinni innan skamms til þess að hún öðlist gildi. Við gildistöku samþykktarinnar munu íslensk stjórnvöld verða bundin af því að fara að ákvæðum samþykktarinnar. Í þessu sambandi skal þess getið að í íslenskum réttindaskírteinum til skipstjórnar og vélstjórnar sem Siglingastofnun gefur út kemur fram að skírteinið sé gefið út í samræmi við ákvæði þessarar alþjóðasamþykktar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að á árinu 1991 hafi verið gerðar verulegar breytingar á skipstjórnarnáminu. Þar segir: "Er svo komið að fyrirkomulag skipstjórnarprófa á Íslandi er útfært með það að markmiði að námið uppfylli kröfur alþjóðasamnings sem á frummálinu ber heitið International Convention on Standards of Training and Watchkeeping for Fishing vessel Personnel, 1995". Í greinargerðinni er síðan gefið í skyn að með því að skipstjórnarnámið hafi verið útfært með það að markmiði að námið fullnægi STCW-F samþykktinni, hafi aðsókn að skipstjórnarnáminu minnkað og skipstjórnarnám í Vestmannaeyjum og á Dalvík hafi lagst af.

Siglingastofnun getur ekki lagt annan skilning í ofangreinda staðhæfingu en þá að ekki standi til að það nám sem ráðgert er að verið komið á fót á Dalvík og í Vestmannaeyjum lúti ákvæðum STCW-F samþykktarinnar. Slík áform eru hins vegar í andstöðu við þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa þegar undirgengist með aðild að samþykktinni.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er íslenskum stjórnvöldum gert skylt að bjóða upp á skipstjórnarnám sem sérstaklega er sniðið að þeim sem hafa að lágmarki 24 mánaða siglingatíma að baki og sem veitir rétt til þess að annast skipstjórn á fiskiskipum allt að 45 metrar að lengd á einu skólaári og ótakmörkuð réttindi á fiskiskip á tveimur skólaárum. Slíkt nám ber að lágmarki að fullnægja skilyrðum STCW-F samþykktarinnar.

3. Lög og reglugerðir um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Í 4. gr. þeirra laga sem frumvarpið gerir tillögu um að verði breytt, þ.e. lög nr 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa er að finna ákvæði um menntun og þjálfun. Þar segir:

4. gr. Menntun og þjálfun.

Menntun og þjálfun áhafna skipa annast skólar sem uppfylla kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Um inntökuskilyrði í þá skóla, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina

samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í þeim skólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til [mennta- og menningarmálaráðherra],¹⁾ að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár skólanna.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur reglugerð varðandi námskröfur til réttinda á smáskipum.

Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við þá skóla uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessari lagagrein. Gert er ráð fyrir að á eftir þessari grein komi ný grein þar sem sérstaklega er vikið að hinni nýju námsbraut og skilyrðum hennar. Í fyrstu málsgrein núgildandi laga er kveðið á um að skólar sem annast menntun og þjálfun samkvæmt þessum lögum skuli fullnægja ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Með því að þessi grein er ekki felld úr gildi hljóta hin nýju ákvæði samkvæmt frumvarpinu að lúta þessu ákvæði. Í fyrstu málsgrein núgildandi laga er jafnframt gerð krafa um að námið fari að ákvæðum laga um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af þessu er dregin sú ályktun að gildandi námskrá til skipstjórnarmenntunar muni einnig gilda um það nám sem frumvarpið gerir tillögu um. Að lokum segir í 1. málsgrein að nám og kennsla skuli lúta viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi. Því er gert ráð fyrir að það ákvæði gildi einnig um það nám sem frumvarpið gerir tillögu um.

Ekkert kemur fram í frumvarpinu eða greinargerð með hvaða hætti fyrirhugað sé að fullnægja framangreindum ákvæðum samtímis því sem þeim ákvæðum sem fram koma í frumvarpinu um lengd námstíma er fullnægt.

Siglingastofnun telur að þau ákvæði sem fram koma í 1. grein frumvarpsins og orðalag í greinargerð með frumvarpinu beri það með sér að það nám sem tillaga er gerð um í frumvarpinu geti að óbreyttu ekki samræmst öðrum ákvæðum laganna.

Sé hins vegar ráðgert að nám samkvæmt ákvæðum 1. greinar frumvarpsins lúti ekki þeirri námskrá sem menntamálaráðuneytið hefur samið, að vikið verði frá kröfu um að slíkt nám lúti ákvæðum STCW-F samþykktarinnar, mun það leiða til flókinnar skírteinisútgáfu með því að tvær mismunandi námsbrautir veiti sömu réttindi til skipstjórnar.

Siglingastofnun telur nauðsynlegt að fram fari nánari úttekt á ákvæðum frumvarpsins með það að markmiði að greina betur þau áhrif sem ákvæði þess hefðu eða gætu haft á það nám sem núgildandi námskrá mælir fyrir um, á skuldbindingar Íslands gagnvart ákvæðum STCW-F samþykktarinnar og á útgáfu réttindaskírteina.

4. Námskrá.

Aðalnámskrá skipstjórnarnáms er gefin út af menntamálaráðuneytinu og mælir fyrir um það nám sem krafist er að nemandi hafi tileinkað sér til þess að fá útgefið prófskírteini. Skilyrði þess að fá útgefið prófskírteini er að nemandi hafi staðist próf eða sýnt fullnægjandi færni í öllum þeim áföngum sem krafist er samkvæmt námskrá. Sem fyrr segir verður ekki af frumvarpinu ráðið hvort ráðgert sé að gera breytingar á námskrá til skipstjórnarnáms eða útbúa sérstaka námskrá er gildi um það nám sem þar er gerð tillaga um. Telja verður afar óhentugt ef í gildi eru tvær mismunandi námskrár sem ætlað er að veita sömu skipstjórnarréttindi.

5. Skipulag náms.

Uppbygging náms í skipstjórnarfræðum, þ.e. brautarlýsingar, samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytis frá árinu 2009 er að finna í hjálögðu skjali. Þar kemur fram að nám til 24 metra réttinda samanstandur nær eingöngu af sérgreinum. Þessi skipan var ákveðin einmitt með það fyrir augum að stytta nám til lægstu skipstjórnarréttinda með sömu rökum og gert er í greinargerð með frumvarpinu. Þannig er nú nám til lægstu skipstjórnarréttinda á skip sem eru lengri en 12 metrar skipstjórnarnám A sem að öðrum skilyrðum uppfylltum veitir rétt til að gegna stöðu skipstjóra á skipum sem eru styttri en 24 metrar að skráningarlengd. Skipstjórnarnám A er 46 námseiningar og svarar til eins skólaárs.

6. Annað.

Þó svo að ekki hafi verið gerðar miklar breytingar á ákvæðum laga sem mæla fyrir um ábyrgð skipstjóra frá því fyrir árið 1991, verður að hafa í huga að á þeim tíma hafa þó orðið miklar breytingar á þeim tækjabúnaði sem notaður er í fiskiskipum. Fiskiskip eru orðin mun tæknivæddari en var á árunum fyrir 1991, fiskiskip hafa stækkað og eru fær um að vera að veiðum við mun erfiðari aðstæður en áður tíðkaðist. Afl véla og búnaðar hefur aukist, fleiri skip eru hönnuð til þess að vinna afla um borð og kröfur um aukin gæði sjávarfangs og rekstrarhagkvæmni hafa aukist til muna. Þá hafa orðið miklar breytingar í viðhorfum til umhverfisverndar. Allt þetta kallar á að þeir sem gegna stöðu skipstjóra á skipum, smáum sem stórum, hafi viðtækari þekkingu á búnaði skipa, rekstri þeirra og umhverfislegum þáttun en átti við á árunum fyrir 1991.

Skipstjórar gegna í dag stöðu millistjórnenda hjá stórum fyrirtækjum þar sem þeim er falið að taka afdrifaríkar ákvarðanir og sem geta haft mikil áhrif á rekstur og afkomu útgerðarinnar. Námskrá skipstjórnarnáms tekur mið af þessari þróun og leggur grunn að því að skipstjóri sé í stakk búinn til þess að mæta væntingum og kröfum atvinnugreinarinnar. Það væri að mati Siglingastofnunar óráðlegt að skerða nám til skipstjórnar með þeim hætti sem lesa má úr frumvarpinu, nema að sýnt sé fram á með hvaða hætti það megi gera án þess að rýra getu þeirra manna sem í dag ljúka námi á skipstjórnarsviði til þess að standa undir þessum væntingum og kröfum.


Mörg ríki líta á ákvæði og skuldbindingar STCW-F samþykktarinnar sem ófullnægjandi undirbúning undir það hlutverk að annast um stjórn stærri fiskiskipa. Af því leiðir að þessi ríki gera kröfur um að þeir sem gegna stöðu yfirmanna á fiskiskipum séu handhafar alþjóðlegra atvinnuskírteina, þ.e. STCW skírteina. Þetta er hugsanlega ein ástæða þess að STCW-F samþykktin hefur ekki fengið þann stuðning fiskveiðipjóða sem að var stefnt með gerð hennar.

Fiskiskipum á íslenskri skipaskrá hefur fækkað talsvert á undanförunum árum auk þess sem hefðbundnir vertíðarbátar, sem voru í rekstri fyrir 1991, hafa verið leystir af hólmi af mun minni bátum sem hafa færri í áhöfn. Þannig hefur atvinnutækifærum ungs fólks í sjávarútvegi fækkað. Af þessu leiðir að stöðugt færri ungmenni fá tækifæri til þess að kynna sjómennsku og þeim starfsvettvangi sem sjávarútvegurinn er.

Samkvæmt upplýsingum frá Skipstjórnarskóla Tækniskólans, sem er að finna í hjálögðu skjali hefur fjöldi þeirra sem hefja nám í skipstjórnarfræðum í dagskóla nánast staðið í stað undanfarin ár. Með því að Fjöltækniskólinn og síðar Skipstjórnarskólinn hóf að bjóða skipstjórnarnám í fjarnámi hefur nemendum hins vegar fjölgað umtalsvert. Þær tölur sem koma fram í meðfylgjandi upplýsingum eru ekki í samræmi við það sem fram kemur í

greinargerð með frumvarpinu.

E.h. Siglingastofnunar Íslands,


Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri

Hjálagt:

1. Brautarlýsingar skipstjórnarnáms
2. Yfirlit yfir fjölda nemenda sem hefja og ljúka skipstjórnarnám.

Brautarlýsingar skipstjórnarnáms samkvæmt námskrá Menntamálaráðuneytis frá árinu 2009.

Réttindastig Áfangiheiti	Áfangatákn	Sk braut A	Sk braut B	Sk braut C	
I. Almennar greinar					
Bókfærsla				BÓK 102	
Danska			DAN 102	DAN 202	
Efnafræði				EFN 103	
Enska			ENS 102+ENS 202	ENS 212, 321, 303	
Íslenska			ÍSL 102, 202, 212	ÍSL 313	
Markaðsfræði				MAR 123	
Náttúruvísindi			NÁT 123	NÁT 103	
Stærðfræði			STÆ 102, 122, 202	STÆ 303	
Upplýsingatækni		UTN 103			
II. Sérgreinar					
Aflameðf og vinnsla		AFV 112		AFV 202	
Fjarskipti		FJA 103		FJA 203	
Haffræði		HAF 102			
Heilbrigðisfræði		HBF 101		HFB 202	
Hönnun skipa		HÖS 102			
Rafmagnsfræði			RAF 103		
Siglingafræði		SIG 102 + SIG 203		SIG 303, 322, 403	
Siglingahermir		SAL 102 + SAL 201		SAL 301 + SAL 401	
Siglingareglur		SIR 102		SIR 202	
Siglingatæki		SIT 112 + SIT 212		SIT 313	
Sjávarútvegur		SJÁ 101			
Sjóréttur		SJR 102		SJR 201	
Sjóvinna		SJÓ 101	SJÓ 202		
Skipstjórn		SKP 112			
Slysavarnir		SLY 101			
Stjórnun			STJ 112		
Stöðugleiki		STL 102 + STL 213	STL 302	STL 413	
Umhverfisfræði		UMH 102			
Veðurfræði		VEÐ 102			
Veiðitækni		VET 102			
Vélstjórn			VST 103	VST 204	
Viðhaldsstjórnun				VIÐ 102	
Samtals einingar			46	79	142
Námtími		2 annir	4 annir	7 annir	
Sérnám til alþj rétt.			SLY 201+ SLY 301		

Yfirlit yfir fjölda nemenda sem hefja og ljúka skipstjórnarnámi í Skipstjórnarskólanum og forvera hans

Útskrifaðir.

AR	A 24m	B stig	1. stig	C stig	2. stig	D stig	3. stig	4. stig	Samtals:
2005					3		10		13
2006			3		4		11	8	26
2007			2		1		15	9	27
2008			2		0		11		13
2009	1						8		9
2010	2	1		2		19			24
2011									

Nemendafjöldi í upphafi skólaárs 2006 - 2007	
Dagskóli	
1. stig.	10
2. stig.	11
3. stig.	35
4. stig. (varðskip)	8
Náttúrufr.braut skip.	3
Heildarfjöldi	67

Fjöldi útskrifaðra 1996 til 2011	
56	1996
71	1997
74	1998
25	1999
16	2000
22	2001
28	2002
23	2003
11	2004
13	2005
26	2006
27	2007
13	2008
9	2009
24	2010
19	2011 (áætlun)

Nemendafjöldi í upphafi skólaárs 2007 - 2008			
	Dagskóli	Fjarnám	Samtals
24m	4		
1. stig. (+45m)	8	14	
2. stig.	12		
3. stig.	40		
Náttúrufr.braut skip.	6		
Heildarfjöldi	66	14	80

Nemendafjöldi í upphafi skólaárs 2008 - 2009			
	Dagskóli	Fjarnám	Samtals
Skipstjórnarbraut A	4	18	22
Skipstjórnarbraut B	5	5	10
Skipstjórnarbraut C	10	2	12
Skipstjórnarbraut D	32	7	39
Náttúrufr.braut skip.	4	0	4
Heildarfjöldi	55	32	87

Umsóknir (samþykktar)

Vor	Haust	Samtals
10	31	41
15	34	49
12	39	51
17	14	31
16	52	68
24	68	92
22		22

Nemendafjöldi í upphafi skólaárs 2009 - 2010			
	Dagskóli	Fjarnám	Samtals
Skipstjórnarbraut A	7	26	33
Skipstjórnarbraut B	4	26	30
Skipstjórnarbraut C	8	6	14
Skipstjórnarbraut D	50	17	67
Náttúrufr.braut skip.	3	0	3
Heildarfjöldi	72	75	147

Nemendafjöldi í upphafi skólaárs 2010 - 2011			
	Dagskóli	Fjarnám	Samtals
Skipstjórnarbraut A	11	29	40
Skipstjórnarbraut B	10	22	32
Skipstjórnarbraut C	5	15	20
Skipstjórnarbraut D	54	17	71
Náttúrufr.braut skip.	3	0	3
Heildarfjöldi	83	83	166

Alþingi
Eriundi nr. P 139/1688
komudagur 14.3.2011



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2011

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innanlands), 139. löggjafarþing, 278. mál, þskj. 321.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa mótttekið umsagnarbeiðni samgöngunefndar og þakka það. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins tekur það til „... menntun[ar] og þjálfun[ar] skipstjóra til ótakmarkaðra réttinda á önnur íslensk skip en farþega- og flutningaskip.“

Fyrirtæki innan vébanda SVP gera aðeins út farþega- og flutningaskip innanlands. Efni frumvarpsins tekur hins vegar ekki til þeirra. Í ljósi þess telja samtökin ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Lísbet Einarsdóttir,
forstöðumaður flutninga- og fræðslumála SVP.